

REGLUGERÐ

um leyfi til farþegaflutninga með skipum.

1. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um öll íslensk farþegaskip og háhraðafarþegaför sem flytja farþega í atvinnuskyni, á sjó, ám eða vötnum án tillits til stærðar. Undir farþegaflutninga í atvinnuskyni falla meðal annars skemmtisiglingar með ferðamenn á skipum í atvinnuskyni.

Reglugerðin gildir einnig um farþegabáta ef þeir eru notaðir til áætlunarsiglinga. Um farþegabáta í áætlunarsiglingum fer samkvæmt þessari reglugerð eins og um farþegaskip.

Reglugerð þessi gildir einnig um öll erlend skip og flytja farþega í atvinnuskyni í íslenskum höfnum eða innan íslenskrar lögsögu, á ám eða á vötnum.

Farþegaskip sem uppfylla ákvæði alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu, 1974, og erlend farþegaskip sem falla undir tilskipun 2009/45/EB um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum og sæta hafnarríkiseftirliti samkvæmt reglugerð um hafnarríkiseftirlit, eru undanskilin þessari reglugerð.

Reglugerðin gildir ekki um skip sem hafa það hlutverk eingöngu að ferja starfsmenn milli staða vegna vinnu, til dæmis vegna sjókvíaeldis.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- Farþegaskip* er hvert það skip, sem flytur fleiri en 12 farþega eða er 24 metrar að skráningarlengd eða lengra.
- Farþegabátur* er hvert fljótandi far, skráð sem farþegabátur, undir 24 metrum að skráningarlengd, sem flytur að hámarki 12 farþega til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.
- Farþegi* er einstaklingur annar en
 - skipstjóri og skipverjar eða þeir aðrir sem eru ráðnir til tiltekinna starfa um borð í skipi í þágu þess og
 - barn undir eins árs aldri.
- Háhraðafarþegafar* er háhraðafar, eins og það er skilgreint í 1. reglu í X. kafla alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu, 1974, með áorðnum breytingum 17. mars 1998, sem flytur fleiri en 12 farþega, að frátöldum farþegaskipum í innanlandssiglingum á hafsvæðum í flokki B, C eða D ef:
 - særými þeirra miðað við hönnunarvatnslínu er innan við 500 m³ og
 - hámarks hraði þeirra, eins og hann er skilgreindur í lið 1.4.30 í kóða um háhraðaför, er minni en 20 hnútar;
- Míla* er 1852 metrar.
- Kennialda* er meðalhæð þriðjungs hæstu mældrar öldu á tilteknu tímabili.
- Skipverji* er hver maður sem sinnir tilteknu hlutverki um borð.
- Áætlunarsiglingar* eru fyrirfram skipulagðar siglingar milli viðkomustaða eða endastöðva farnar á ákveðnum tímum í þeim tilgangi að flytja farþega milli staða.
- Farþegaflutningar* er allur flutningur farþega.
- Farþegaflutningar í atvinnuskyni* merkir farþegaflutningar gegn endurgjaldi, eða að öðru leyti sem liður í starfsemi leyfishafa, þar sem farþeginn er ekki tengdur rekstri aðilans sem sér um flutninginn.
- Hafsvæði* er svæði sem er skilgreint í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 666/2001 um farþegaskip í innanlandssiglingum. Þó skulu skilgreiningar á hafsvæðum í 2. reglu í IV. kafla alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu, 1974, gilda að því er varðar beitingu ákvæða um þráðlaus fjarskipti.
- Söfnunarstaður* merkir afmarkað autt þilfarsrými sem hentar til þess að koma fyrirmælum og leiðbeiningum á framfæri við farþega og aðstoða þá við að klæðast björgunarvestum.

13. *Hafnarsvæði* merkir svæði sem ekki eru hafsvæði sem falla í flokk A – D, er ná til ystu marka varanlegra hafnarmannvirkja sem eru óaðskiljanlegur hluti hafnarinnar eða til þeirra merka sem helgast af náttúrufræðilegum þátum er skýla vogum og víkum eða svipuðum skýldum svæðum

2. kafli.

Smíði, útbúnaður og flokkar farþegaskipa

3. gr.

Flokkar farþegaskipa.

Farþegaskipum er skipt í eftirfarandi flokka eftir því á hvaða hafsvæðum þau starfa:

1. “Flokkur A” eru farþegaskip í innanlandssiglingum, öðrum en þeim sem falla undir flokk B, C og D.
2. “Flokkur B” eru farþegaskip í innanlandssiglingum og skal fjarlægð frá strandlínunni, þar sem skipreika fólk getur lent, aldrei vera meiri en 20 mílur miðað við meðalflóðhæð.
3. “Flokkur C” eru farþegaskip í innanlandssiglingum á hafsvæðum þar sem líkur eru á hærri kenniöldu en 2,5 m eru minni en 10% á ársgrundvelli miðað við rekstur allt árið, eða þeim hluta ársins sem reksturinn er bundinn við (t.d. rekstur yfir sumartíma), og skal fjarlægð að vari aldrei vera meiri en 15 mílur og fjarlægð að strandlínu, þar sem skipreika fólk getur lent, aldrei meiri en 5 mílur miðað við meðalflóðhæð sbr. þó 5. gr.
4. “Flokkur D” eru farþegaskip í innanlandssiglingum á hafsvæðum þar sem líkur eru á hærri kenniöldu en 1,5 m eru minni en 10% á ársgrundvelli, eða þeim hluta ársins sem reksturinn er bundinn við (t.d. rekstur yfir sumartíma), og skal fjarlægð að vari aldrei vera meiri en 6 mílur og fjarlægð að strandlínu, þar sem skipreika fólk getur lent, meiri en 3 mílur, miðað við meðalflóðhæð sbr. þó 5. gr.
5. Skip í siglingu innan hafnarsvæða eru farþegaskip í innanlandssiglingum á svæðum sem ekki eru hafsvæði sem falla í flokk A – D, er ná til ystu marka varanlegra hafnarmannvirkja sem eru óaðskiljanlegur hluti hafnarinnar eða til þeirra merka sem helgast af náttúrufræðilegum þátum er skýla vogum og víkum eða svipuðum skýldum svæðum.

Skrár og kort yfir hafsvæði við Ísland er að finna í viðauka við reglugerð nr. 666/2001 um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum.

Farþegaskip skulu uppfylla kröfur um smíði og búnað í samræmi við flokk og umfang starfsemi í samræmi við viðauka I við þessa reglugerð.

4. gr.

Háhraðafarþegaför.

Háhraðafarþegaför skulu uppfylla viðeigandi kóða Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um háhraðaför eins og mælt er fyrir um í reglugerð nr. 666/2001 um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum. Um háhraðafarþegaför fer að öðru leyti samkvæmt þessari reglugerð eins og um farþegaskip.

3. kafli.

Leyfi til farþegaflutninga

5. gr.

Fjöldi farþega og aðbúnaður.

Samgöngustofa ákveður leyfilegan hámarksfjölda farþega á skipi í samræmi við lög og reglur sem um skipið gilda. Við ákvörðun um hámarksfjölda skal taka mið af þeim björgunar- og öryggisbúnaði sem tilgreindur er í umsókn um leyfi til farþegaflutninga, smíði og stöðugleika ásamt hleðslu.

Óhindrað þilfarsrými á söfnunarstað skal rúma alla einstaklinga sem eiga að svara kalli frá þeirri stöð og vera a.m.k. 0,35 m² á mann þegar tekið hefur verið tillit til þess svæðis sem nauðsynlegt er að sé aðgengilegt vegna sjósetningar björgunarfara og rýmingar skipsins í neyðartilvikum. Með umsókn um leyfi til farþegaflutninga skal leggja fram teikningu sem sýnir það þilfarsrými sem gegnir hlutverki söfnunarstaðar og þar sem stærð óhefts farþegarymis er tilgreint.

Skip í farþegaflutningum skal búið föstum sætum þannig að allir farþegar geti setið samtímis í lokuðum, upphituðum, lýstum og loftræstum vistarverum skipsins. Á tímabilinu 1. apríl til 31. október er Samgöngustofu heimilt að samþykkja að hluti sæta fyrir farþega sé á opnu þilfari, ef ferðir taka að jafnaði innan við 4 klst. Sæti skulu búið sætisbaki, vera minnst 0,5 m breið með minnst 0,9 m hæð ofan við sæti og minnst 0,75 m rými fyrir fætur, mælt fram frá sætisbaki.

Aðbúnaður farþega skal taka mið af tímalengd ferða í samræmi við verklagsreglur sem Samgöngustofa setur, þar með talið hvað varðar hvíllur. Í ferðum sem taka lengri en 14 klst. skulu vera hvíllur fyrir 100 % farþega. Í ferðum sem taka að jafnaði milli 8 – 14 klst. skulu vera hvíllur fyrir 40 % farþega að lágmarki. Í ferðum sem að jafnaði 4 – 8 klst. skulu vera hvíllur fyrir 20 % farþega að lágmarki. Í ferðum sem taka að jafnaði innan við 4 klst. er fjöldi hvíla háður samþykki Samgöngustofu.

Handrið eða skjólborðsklæðning við þilfar sem ætlað er farþegum, skulu ekki vera lægri en 1,0 m og þannig að ekki sé auðvelt að klifra yfir þau.

Um borð í skipi sem flytur 14 farþega eða færri skal vera salerni. Um borð í skipi sem flytur 15 - 50 farþega skulu vera minnst tvö salerni. Um borð í skipi sem flytur fleiri en 50 farþega skal vera eitt salerni fyrir hverja 25 farþega. Samgöngustofu er þó heimilt að ákveða að um borð í skipum sem aðeins eru í ferðum sem taka að jafnaði skemmri tíma en 4 klst. verði færri salerni, enda sé hreinlætisaðstaða á hverjum viðkomustað skipsins. Salerni skulu vera í sérstökum klefa með læsanlegri hurð. Salernin skulu vera lýst og loftræst. Á hverju salerni skal vera handlaug með rennandi vatni og frárennsli.

6. gr.

Skilyrði leyfisveitingar.

Farþegaflutningar í atvinnuskyni með skipum sem reglugerð þessi gildir um eru háðir leyfi Samgöngustofu. Skal slíkt leyfi aldrei gefið út til lengri tíma en eins árs í senn. Heimilt er að framlengja gildistíma leyfisins um allt að því einn mánuð frá því að hann rennur út. Þegar framlenging hefur verið veitt hefst nýr gildistími leyfis á síðasta gildisdegi fyrra leyfis fyrir framlengingu.

Útgáfa leyfis til farþegaflutninga skv. 1. mgr. er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að framkvæmd hafi verið skoðun á skipinu í samræmi við lög um eftirlit með skipum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
2. Að skoðun skv. 1. tl. hafi leitt í ljós að fullnægt er ákvæðum laga um eftirlit með skipum og reglum settum skv. þeim sem um skipið gilda.
3. Að starfsemin lúti ákvæðum öryggisstjórnunarkerfis sem tekur til siglinga skipsins með farþega og sem Samgöngustofa hefur samþykkt.
4. Að Samgöngustofa hafi gefið út skrifleg fyrirmæli um fjölda í áhöfn skipsins sem ákveðinn er með hliðsjón af gerð skipsins, fyrirkomulagi þess og búnaði, svo og farsviði þess og útivist, þannig að fjöldi í áhöfn og skipting starfa fullnægi skilyrðum um að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi farþega, skipverja og skips. Um mönnun farþegaskipa og farþegabáta fer samkvæmt lögum nr. 76/2001.
5. Að eigandi skips eða skipstjóri hafi afhent Samgöngustofu skilríki um að keypt hafi verið váttrygging hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi gegn tjóni á farþegum og farangri, sbr. V. kafla siglingalaga nr. 34/1985 með síðari breytingum. Váttryggingin skal einnig ná til barna sem eru yngri en eins árs og eru um borð með einhverjum farþega.

Samgöngustofa getur veitt undanþágu frá kröfum þessarar reglugerðar. Slík undanþága verður aðeins veitt hafi eigandi skips eða útgerðarmaður sýnt fram á með áhættumati, prófunum eða með öðrum hætti að búnaður, efni, tæki, verklagsreglur eða annað, sýni fram á að minnsta kosti jafngilt öryggisstig og viðeigandi kröfum er ætlað að tryggja. Undanþága frá kröfum um smíði og búnað er aðeins heimilt að veita að því marki sem heimilt er í viðeigandi reglum.

Samgöngustofu er jafnframt heimilt að setja önnur sérstök skilyrði fyrir útgáfu leyfisins í því skyni að auka öryggi skipsins, skipverja og farþega. Slík skilyrði skulu kynnt eiganda skipsins með skriflegum og rökstuddum hætti.

7. gr.

Öryggisstjórnunarkerfi.

Háhraðafarþegaför, ekjuferjur og farþegaskip sem falla undir reglugerð nr. 337/2009 um öryggisstjórnun skipa skulu uppfylla kröfur þeirrar reglugerðar um öryggisstjórnun.

Öryggisstjórnunarkerfi fyrir önnur skip en skip skv. 1. mgr. skal vera í samræmi við umfang starfseminnar en að lágmarki innihalda:

- a) Lýsingu á starfseminni, þar með talið skiptingu hlutverka og ábyrgð.
- b) Öryggisstefnu leyfishafa.
- c) Lýsingu á því svæði þar sem starfsemin fer fram, séstakar takmarkanir og rekstrarskilyrði.
- d) Lýsingu á áhættuþáttum gagnvart starfsfólki og farþegum og ráðstafanir til að lágmarka þá áhættuþætti.
- e) Lýsingu á þjálfun og hæfniskröfum starfsfólks í samræmi við starfssvið.
- f) Kynning á öryggisþáttum gagnvart farþegum.
- g) Kerfi til að skrá niður og tilkynna slys og alvarleg atvik og lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir að slys endurtaki sig.
- h) Verklag leyfishafa um reglubundið eftirlit og viðhald skips, búnaðar og aðstöðu og skráningu þess.
- i) Neyðaráætlun sem liggur til grundvallar lágmarksmönnun skipsins, þar með talið áætlun um reglulegar æfingar.
- j) Fjöldi í áhöfn skips miðað við gerð skips, fyrirkomulag þess og búnað, farsvið og farþega fjölda. Um mönnun farþegaskipa og farþegabáta fer samkvæmt lögum nr. 76/2001.
- k) Leyfilegur hámarksfjöldi farþega.
- l) Lýsing á samskiptamáta (fjarskipti).
- m) Útbúnaður farþega og áhafnar með hliðsjón af starfseminni.
- n) Lýsing á framkvæmd innri úttekta til að staðfesta að öryggisstjórnunarkerfinu sé fylgt eftir og öðrum kröfum sem um starfsemina gilda.
- o) Teikningu af fyrirkomulagi öryggis- og eldvarnarbúnaði sem komið verði fyrir á einum eða fleiri áberandi stöðum um borð.

8. gr.

Úttektir

Samgöngustofa skal að beiðni leyfishafa framkvæma úttekt á öryggisstjórnunarkerfinu í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 337/2009, um öryggisstjórnun skipa.

Ef úttekt á öryggisstjórnunarkerfinu sýnir að einhverjum atriðum sé ábótavant eða að Samgöngustofa telur vafa leika á einhverjum atriðum starfseminnar, getur Samgöngustofa ákveðið að framkvæma fleiri úttektir á starfseminni. Samgöngustofa getur einnig ákveðið að framkvæma fleiri úttektir ef slys, ábendingar eða eitthvað annað gefa tilefni til.

Um gjald fyrir framkvæmd úttekta fer samkvæmt gjaldskrá Samgöngustofu.

9. gr.

Útgáfa leyfis

Samgöngustofa gefur út leyfi til farþegaflutninga þegar sýnt hefur verið fram á að fullnægt er skilyrðum 6. gr. Heimilt er að hafa farþegaleyfi á haffærissskírteini skipsins. Brot á skilyrðum leyfisins jafngilda broti á skilyrðum haffærissskírteinisins.

Eftirfarandi skal koma fram á leyfinu:

1. Gildistími leyfisins.
2. Leyfilegur hámarksfjöldi farþega.
3. Farsvið sem leyfið nær til.
4. Hámarkstímalengd hverrar ferðar.
5. Mönnun skipsins skv. fyrirmælum Samgöngustofu.
6. Heiti tryggingafélags, sbr. 5. tl. 2. mgr. 6. gr.

Leyfinu eða staðfestu afriti af því skal komið fyrir á áberandi stað um borð í skipinu þannig að það sé sýnilegt farþegum.

10. gr.

Vátrygging.

Falli vátrygging skv. 5. tl. 2. mgr. 6. gr. úr gildi áður en gildistími farþegaleyfis rennur út skal hlutaðeigandi vátryggingafélag tilkynna það vátryggingataka og þegar í stað. Þótt vátryggingin sé þannig úr gildi fallin ber félagið ábyrgð gagnvart þriðja manni á tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að vátryggingafélagið tilkynnti vátryggingataka og Samgöngustofu um að vátryggingin væri úr gildi fallin, nema önnur fullnægjandi vátrygging hafi verið tekin. Renni leyfið út innan fjögurra vikna frestsins ber félagið þó einungis ábyrgð til þess tíma.

4. kafli.

Viðurlög.

11. gr.

Niðurfelling leyfis.

Samgöngustofu er heimilt að fella niður leyfi til farþegaflutninga ef starfsemi fullnægir ekki lengur skilyrðum reglugerðarinnar eða brýtur á annan hátt gegn ákvæðum reglugerðarinnar.

Áður en leyfi er fellt niður skv. 1. mgr. skal Samgöngustofa senda leyfishafa skriflega viðvörðun um niðurfellingu leyfis þar sem koma skal fram tilefni niðurfellingar. Veita skal leyfishafa hæfilegan frest til að bæta úr annmörkum. Sé brot gegn skilyrðum reglugerðarinnar þess eðlis að skriflegri viðvörðun verði ekki við komið skal eigi að síður veita leyfishafa kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eins og unnt er áður en kemur til niðurfellingar leyfis.

Komi til endanlegrar niðurfellingar leyfis skal Samgöngustofa senda leyfishafa skriflega tilkynningu þess efnis og um frá hvaða tíma leyfi telst niður fallið.

Leyfishafa sem sviptur er leyfi skal skila starfsleyfi til Samgöngustofu án tafar eftir að tilkynning 3. mgr. berst.

12. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum skv. VII kafla laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum.

V. kafli.

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Gildistaka og lagastof.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 47/2003, með síðari breytingum og siglingalögum nr. 34/1985 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur reglugerð nr. 463/1998 úr gildi.

Ákvæði 3. tl. 6. gr. um öryggisstjórnunarkerfi kemur til framkvæmda 12 mánuðum eftir birtingu.

Farþegaleyfi gefin út á grundvelli reglugerðar nr. 463/1998 halda gildi sínu þar til gildistími þeirra rennur út.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. halda ákvæði 3.4.,5. og 7. tl. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 463/1998 reglugerðar gildi sínu 12 mánuði eftir birtingu þessarar reglugerðar.

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu.

VIÐAUKI 1

Flokkar farþegaskipa og hvað telst til viðeigandi krafna til þeirra

1. Farþegaskip í flokki A

Þessi skip skulu uppfylla viðeigandi kröfur í reglugerð nr. 666/2001 um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum og aðrar þær reglur sem um þau gilda, þ.m.t. mengunarvarnabúnað, siglingatæki, merkingar, lyf og læknisáhöld, aðbúnað, vinnuöryggi og annan búnað og mönnun sem varðar öryggi skipsins til að tryggja öryggi skipverja, farþega, skips og farms og varnir gegn mengun frá skipum.

2. Farþegaskip í flokki B

Þessi skip skulu uppfylla viðeigandi kröfur í reglugerð nr. 666/2001 um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum og aðrar þær reglur sem um þau gilda, þ.m.t. mengunarvarnabúnað, siglingatæki, merkingar, lyf og læknisáhöld, aðbúnað, vinnuöryggi og annan búnað og mönnun sem varðar öryggi skipsins til að tryggja öryggi skipverja, farþega, skips og farms og varnir gegn mengun frá skipum.

3. Farþegaskip í flokki C

3.1 Farþegaskip sem falla undir gildissvið reglugerðar nr. 666/2001

Þessi skip skulu uppfylla viðeigandi kröfur í reglugerð nr. 666/2001 um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum og aðrar þær reglur sem um þau gilda, þ.m.t. mengunarvarnabúnað, siglingatæki, merkingar, lyf og læknisáhöld, aðbúnað, vinnuöryggi og annan búnað og mönnun sem varðar öryggi skipsins til að tryggja öryggi skipverja, farþega, skips og farms og varnir gegn mengun frá skipum.

3.2 Farþegaskip sem falla ekki undir gildissvið reglugerðar nr. 666/2001 en starfa á hafsvæði C í skilningi þessarar reglugerðar.

Þessi skip skulu uppfylla kröfur í viðeigandi reglum um smíði, búnað og örugga starfsemi farþegaskips, þ.m.t. um burðarvirki þess, vatnspétta niðurhólfun, stöðugleika, hleðslumerki, lagnakerfi, bol, björgunar og öryggisbúnað, vélbúnað, fjarskiptabúnað, rafbúnað, eldvarnabúnað, mengunarvarnabúnað, siglingatæki, merkingar, lyf og læknisáhöld, aðbúnað, vinnuöryggi og annan búnað og mönnun sem varðar öryggi skipsins til að tryggja öryggi skipverja, farþega, skips og farms og varnir gegn mengun frá skipum miðað við umfang starfsemi.

4. Farþegaskip í flokki D

4.1 Farþegaskip sem falla undir gildissvið reglugerðar nr. 666/2001

Þessi skip skulu uppfylla viðeigandi kröfur í reglugerð nr. 666/2001 um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum og aðrar þær reglur sem um þau gilda, þ.m.t. mengunarvarnabúnað, siglingatæki, merkingar, lyf og læknisáhöld, aðbúnað, vinnuöryggi og annan búnað og mönnun sem varðar öryggi skipsins til að tryggja öryggi skipverja, farþega, skips og farms og varnir gegn mengun frá skipum.

4.2 Farþegaskip sem falla ekki undir gildissvið reglugerðar nr. 666/2001 en starfa á hafsvæði C í skilningi þessarar reglugerðar.

Þessi skip skulu uppfylla kröfur í viðeigandi reglum um smíði, búnað og örugga starfsemi farþegaskips, þ.m.t. um burðarvirki þess, vatnspétta niðurhólfun, stöðugleika, hleðslumerki, lagnakerfi, bol, björgunar og öryggisbúnað, vélbúnað, fjarskiptabúnað, rafbúnað, eldvarnabúnað, mengunarvarnabúnað, siglingatæki, merkingar, lyf og læknisáhöld, aðbúnað, vinnuöryggi og annan búnað og mönnun sem varðar öryggi skipsins til að tryggja öryggi skipverja, farþega, skips og farms og varnir gegn mengun frá skipum miðað við umfang starfsemi.

5. Skip sem sigla innan hafnarsvæða og skip sem sigla á ám og vötnum

Þessi skip skulu uppfylla kröfur í viðeigandi reglum um smíði, búnað og örugga starfsemi farþegaskips, þ.m.t. um burðarvirki þess, vatnspétta niðurhólfun, stöðugleika, hleðslumerki, lagnakerfi, bol, björgunar og öryggisbúnað, vélbúnað, fjarskiptabúnað, rafbúnað, eldvarnabúnað, mengunarvarnabúnað, siglingatæki, merkingar, lyf og læknisáhöld, aðbúnað og vinnuöryggi og annan búnað og mönnun sem varðar öryggi skipsins til að tryggja öryggi skipverja, farþega, skips og farms og varnir gegn mengun frá skipum að teknu tilliti til miðað við umfang starfsemi.